

## Gönguferð 4. September 2009

Regnbogahópur fór með hópstjóra sínum henni Roswithu og Elínu Önnu í göngutúr að vatninu. Við skoðuðum margt á leiðinni. Við vatnið sáum við hvað gufurnar komu upp og gátum fundið hvað sandurinn og vatnið var heitt. Við reyndum í sameiningu að tossa einn bát, tókst ekki en mátti reyna ☺. Við gengum bryggjunum og fundum hvernig hún vaggði þegar við gengum á henni. Í bakleiðinni gengum við



meðfram vatninu og stoppuðum hjá bekk einum og sátum smá stund og gæddum okkur á gúrkubítum og tókum hópamyndir af hópnum. Síðan var haldið upp stíg tilbaka að leikskólanum, á leiðinni var Roswitha að fræða okkur um ýmsar jurtir og blóm sem við sáum á leiðinni. Þetta var skemmtileg gönguferð og nutum við þess í botn yndislega veðursins og fallega útsýnið.



Roswitha, Elín Anna, Ingvar Jökull, Stefaía Maren, Sigurður Darri og Thoralf.

